

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.  
Greinin birtist í tímaritinu "Listin að lifa", sem er gefið út af Félagi eldri borgara í Reykjavík.

## **Efnahagsleg áhrif kreppunnar á eldri borgara. Hver er staða lífeyrissjóðanna á óvissutímum?**

Við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðfélaginu er engin furða þó spurt sé hver sé staða lífeyrissjóðanna á þeim óvissutímum sem nú ríkja. Geta íslensku lífeyrissjóðirnir staðið við þau loforð, sem þeir hafa gefið á liðnum árum? Hversu mikil hefur eignarýrnun verið á síðustu vikum og mun lífeyrir aldraðra lækka jafnmikið sem nemur þeirri eignarýrnun, sem sjóðirnir hafa orðið fyrir.

Já það eru margar spurningarnar sem dynja á forystumönnum lífeyrissjóðanna um þessar mundir og ekki kæmi mér á óvart að forystusveit eldri borgara fái svipaðar spurningar frá áhyggjufullum lífeyrisþegum.

### **Sterk tryggingafræðileg staða um síðustu áramót.**

Skoðum fyrst stöðu lífeyrissjóðanna um síðustu áramót. Samkvæmt lögum um lífeyrissjóði skal vera jafnvægi á milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóða. Ef munur á eignum og lífeyrisskuldbindingum er yfir 10% eða meiri en 5% samfellt í fimm ár, ber lífeyrissjóði að grípa til viðeigandi ráðstafana til að ná jafnvægi milli eigna og skuldbindinga.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins um fjárhagslega afkomu lífeyrissjóðanna kemur í ljós að tryggingafræðileg staða sjóðanna var mjög sterk um síðustu áramót og þurfti enginn lífeyrissjóður að grípa til lækkunar á lífeyrisgreiðslum vegna stöðunnar.

Ástæðan var m.a. sú að raunávöxtun lífeyrissjóðanna á undanförnum árum hefur verið afar góð. Við tryggingafræðilega athugun á stöðu sjóðanna er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir nái um 3,5% raunávöxtun á ári að meðaltali. Ávöxtun sjóðanna hefur hins vegar verið langtum betri á umliðnum árum.

Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. fimm ár var t.d. 9,1% á ári og meðaltal s.l. tíu ára var 5,9% raunávöxtun á ári. Þannig hefur ávöxtun sjóðanna verið sérlega góð, þrátt fyrir að raunávöxtun hafi verið neikvæð þrjú ár samfellt á árunum 2000 til 2002 og einnig þrátt fyrir að ávöxtunin í fyrra hafi aðeins rétt haldið í við verðbólguna.

Það er mjög mikilvægt að gera sér grein fyrir þessari stöðu lífeyrissjóðanna um síðustu áramót því hún hjálpar mjög mikið að glíma við þá erfiðleika sem framundan eru hjá sjóðunum og lífeyrisþegum.

### **Veruleg eignarýrnun á þessu ári.**

En hvernig verður staðan um næstu áramót? Um það er erfitt að spá. Ljóst er að raunávöxtun lífeyrissjóðanna verður verulega neikvæð á þessu ári og að fjárfestingaárangurinn verður sá slakasti frá því að reglulegar mælingar hófust á raunávöxtun sjóðanna árið 1991.

Við fyrstu skoðun er ljóst að eignarýrnun sjóðanna eftir 1. október s.l. verður á bilinu 10% til 25%, misjafnt eftir sjóðum og er þá ekki tekið mið af neikvæðriávöxtun þeirra fyrstu níu mánuði ársins. Eignarýrnun um 15-10% þýðir að eignir sjóðanna yrðu álíka og í árslok 2006. Eignarýrnun um 20-25% þýðir að eignir þeirra yrðu álíka og um mitt ár 2005.

Fyrstu tölur um tryggingafræðilega stöðu sjóðanna munu almennt ekki birtast fyrr enn á fyrstu mánuðum næsta árs. Þá kemur í ljós hvort einstaka sjóðir þurfi að grípa til þess að lækka lífeyrisgreiðslur verulega. Hin trausta staða sjóðanna um síðustu áramót hjálpar mikið til þess að ekki þurfi að grípa til slíka ráðstafana. Við mat á tryggingafræðilegri stöðu sjóðanna er líka litið til framtíðar, þ.e. hvaða líkur eru á því að sjóðirnir geti náð 3,5% raunávöxtun að meðaltali á næstu áratugum.

### **Kemur til skerðingar lífeyris?**

Rétt er að spyrja að leikslokum en lífeyrissjóðir með góða framtíðarmöguleika hafa betra svigrúm til að bregðast við vandanum. Lækkun lífeyrisins verður því hlutfallslega ekki eins mikil og eignarýrnun sjóðanna.

Ef kemur til skerðingar á ellilífeyrisgreiðslum á fyrstu mánuðum næsta árs, sem því miður eru líkur á, er rétt að hafa það í huga að lífeyrissjóðirnir hafa flestir bætt verulega í lífeyrisréttindin á allra síðustu árum, þar semávöxtun þeirra hefur verið framúrskarandi. Þá ber að hafa það í huga, að ef ákveðið yrði að skerða lífeyrisréttindi vegna eignarýrnunar sjóðanna þá mun Tryggingastofnun ríkisins í mörgum tilvikum bera hluta lækkunarinnar í formi hærrí greiðslna frá almannatryggingum.

Að lokum skal tekið fram þeir lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar ríkis og sveitarfélaga eru undanþegnir ákvæðum laganna sem fjalla um jafnvægi milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóða. Lífeyrisréttindin þeirra sjóða eru því fastsett og tryggð.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.